



FJARÐABYGGÐ

Starfsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2017

Tillaga til fyrri umræðu í bæjarstjórn

3. nóvember 2016

Efnisyfirlit:

1.	STARFSÁÆTLANIR FYRIR ÁRIÐ 2017	3
2.	FJÖLSKYLDUSVIÐ - FÉLAGSPJÓNUSTA	4
3.	FJÖLSKYLDUSVIÐ - BARNAVERND	7
4.	FJÖLSKYLDUSVIÐ - FRÆÐSLUMÁL	9
5.	FJÖLSKYLDUSVIÐ - ÍPRÓTTA OG TÓMSTUNDAMÁL	13
6.	MENNINGAR- OG SAFNAMÁL	16
7.	FRAMKVÆMDASVIÐ	19
8.	SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL	23
9.	STJÓRNSÝSLU- OG PJÓNUSTUSVIÐ	25
10.	FJÁRMÁLASVIÐ	31
11.	HAFNARSJÓÐUR FJARÐABYGGÐAR	33
12.	SLÖKKVILIÐ FJARÐABYGGÐAR	37

1. Starfsáætlanir fyrir árið 2017

Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Fjarðabyggðar skal gera starfsáætlun fyrir hvert svið þar sem gerð er grein fyrir meginmarkmiðum og hlutverki viðkomandi sviðs eða málaflokks. Starfsáætlunin er greinargerð um áformaðan rekstur málaflokkssins innan þess fjárhagsramma sem fjárhagsáætlun ársins 2017 setur.

Sviðsstjórar og forstöðumenn eru ábyrgir fyrir gerð starfsáætlunar innan fjárhagsrammans í samvinnu við fastanefnd. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir meginmarkmiðum og hlutverki viðkomandi sviðs eða málaflokks. Starfsáætlun er greinargerð um áformaðan rekstur málaflokkssins innan þess fjárhagsramma sem ákveðinn hefur verið. Í henni skal lýsa þeim breytingum sem áætlað er að verði í rekstrinum á komandi ári og sérstökum ráðstöfunum sem gerðar verða til að rekstrarkostnaður falli að fjárhagsramma sviðsins eða málaflokkssins. Starfsáætlun er greinargerð sviðsins um það hvernig áætlað sé að reka það innan fjárhagsramma og hvaða ráðstafanir þurfi að gera til þess.

Í starfsáætlun skal eftirfarandi koma fram:

- Markmiðssetning
- Stutt almenn lýsing á starfsemi viðkomandi sviðs
- Lýsing á breytingum á umfangi og eða rekstri sviðs
- Gjaldskrársteftna og breytingar á gjaldskrám
- Lýsing á fjárfestingum og framkvæmdum sviðs
- Aðferð til að meta árangur starfseminnar
- Spá um rekstrarumfang næstu þriggja ára

2. Fjölskyldusvið - Félagsþjónusta

Sviðsstjóri: Sigrún Þórarinsdóttir félagsmálastjóri

Starfsemin:

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar sinnir velferðarmálum innan Fjarðabyggðar m.a. skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um málefni fatlaðs fólks, lögum um málefni aldraðra, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um málefni innflytjenda svo dæmi séu tekin.

Innan fjölskyldusviðs er starfrækt félagsþjónusta. Helstu verkefni sem þar eru innt af hendi eru m.a. félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, málefni fatlaðs fólks, öldrunarmál, akstursþjónusta, búsetubjónusta, félagsleg heimaþjónusta og heimsendur matur, daggæsla barna í heimahúsum, málefni innflytjenda, forvarnir, jafnréttismál og stuðningsúrræði.

Á skrifstofu fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar eru auk sviðsstjóra starfandi yfirfélagsráðgjafi, tveir ráðgjafar, deildarstjóri búsetubjónustu og ráðgjafaþroskaþjálfir. Stöðugildi eru alls 6,0. Tvo daga í viku er auk þess starfandi verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks á vegum Skólaskrifstofu Austurlands sem starfrækir byggðasamlag um sameiginlegt þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks á Austurlandi.

Starfsmenn á skrifstofu vinna í þverfaglegum teymum og eru allar umsóknir um þjónustu ræddar á vikulegum meðferðarfundum ráðgjafar- og búsetuteymis. Í teyminu sitja allir starfsmenn félagsþjónustu.

Auk starfsmanna á skrifstofu fjölskyldusviðs eru starfsmenn sem sinna félagslegri heimaþjónustu, liðveislu, félagsstarfi aldraðra, ferðaþjónustu og búsetubjónustu.

Starfsmenn sem sinna félagslegri heimaþjónustu eru 15 talsins auk starfsmanns í sumarafleysingum í tæpum 7 stöðugildum. Þjónustan er dreifð um sveitarfélagið og helst fjöldi stöðugilda gjarnan í hendur við þjónustupörf hverju sinni.

Starfsmenn sem sinna liðveislu fyrir fötluð börn og ungmenni eru 17-20 talsins á hverjum tíma. Stöðugildi eru mismunandi hverju sinni þar sem starfsmenn eru ráðnir í tímavinnu og liðveisla veitt skv. reglum um hámarksfjölda liðveislutíma. Oftast er miðað við að einstaklingur fái að jafnaði 10 klst. á mánuði í liðveislu en heimilt er að veita þjónustu allt að 20 klst. á mánuði. Starfsmenn í liðveislu dreifast um allt sveitarfélagið og er háð þjónustupörf hverju sinni hversu margir starfsmenn eru við störf. Þörf fyrir þjónustu eykst gjarnan yfir sumartímann þegar stuðnings liðveitanda nýtur m.a. í vinnuskóla Fjarðabyggðar.

Einn starfsmaður í fullu stöðugildi sinnir akstursþjónustu fatlaðs fólks á vegum fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar í sveitarfélaginu.

Félagsstarf aldraðra á vegum Fjarðabyggðar er starfrækt á Norðfirði, Reyðarfirði og Stöðvarfirði. Á Eskifirði og Fáskrúðsfirði eru þjónustusamningur í gangi við félag eldri borgara sem halda sjálf utan um starfsemi félagsstarfs. Stöðugildi félagsstarfsins er 0,96 og eru starfsmenn þrír talsins.

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar starfrækir búsetukjarna fyrir fatlað fólk í Neskaupstað og skammtímavistun. Auk forstöðuþroskaþjálfa eru að jafnaði starfandi í búsetukjarna að Bakkabakka 12 starfsmenn í 6,7 stöðugildum og er meðtalin stöðugildi sumarafleysingastarfsmanna. Í skammtímavistun eru auk deildarstjóra 1,2 stöðugildi tveggja starfsmanna.

Á Reyðarfirði er starfrækt búsetubjónusta fyrir fatlað fólk að Sunnugerði og iðja í Melgerði. Gert er ráð fyrir tæplega 5,28 stöðugildum að meðtöldu stöðugildi deildarstjóra búsetubjónustu og sumarafleysingum en fjórir starfsmenn sinna nú búsetubjónustu á Reyðarfirði og iðju.

Markmið/leiðarljós

- Markmið með allri félagsþjónustu er að veita góðar upplýsingar og leiðbeiningar vegna annars vegar félagslegra réttindamála og hins vegar aðstoð vegna félagslegs eða persónulegs vanda. Í störfum sínum leggur starfsfólk félagsþjónustu hjá fjölskyldusviði Fjarðabyggðar áherslu á fyrirbyggjandi úrræði og leiðir sem stuðla að hjálp til sjálfshjálpars.
- Hjá fjölskyldusviði Fjarðabyggðar skal félagsleg ráðgjöf veitt án fordóma og af virðingu fyrir einstaklingnum. Unnið er með heildarsýn að leiðarljósi í hvívetna þar sem áhersla er lögð á styrkleika notenda þónustunnar eins og kostur er.
- Leitast er við að aðstoða alla þá sem til fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar leita við að finna leiðir út úr fjárhagsvanda sínum með það að leiðarljósi að þeir geti sem fyrst staðið á eigin fótum. Lögð er áhersla á að veita faglega ráðgjöf og handleiðslu í fjármálum einstaklinga og fjölskyldna. Auk þess að veita notendum ráðgjöf, hvatningu og stuðning til að geta tekið þátt á almennum vinnumarkaði til að auka eigin tekjumöguleika.
- Stuðla skal að því að fötluðu fólk 18 ára og eldra, standi til boða búseta í heimabyggð í samræmi við þarfir og óskir. Miðað er við að húsnæði sé af svipaðri stærð og gerð og önnur heimili í landinu hvað varðar staðsetningu, útlit og einstaklingsrými, að teknu tilliti til þarfa hver og eins. Þetta á við hvort heldur sem fólk velur að búa eitt eða með öðrum.

Breytingar á forsendum/umhverfi

- Áfram skal unnið að skilgreiningu á þjónustupörfum í málefnum aldraðra innan fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar m.t.t. mögulegrar sambættingar á hlutverki heimaþjónustu og heimahjúkrunar. Slík vinna hefur verið í gangi á árinu 2015 með markvissum samráðsfundum allra aðila sem koma að málefnum aldraðra s.s. innan sveitarfélags og heilbrigði. Auknar kröfur eru gerðar til þjónustunnar svo einstaklingar geti búið sem lengst heima hjá sér. Slíkar kröfur kalla á aukningu í félagslegri heimaþjónustu sem og liðveislu.
- Unnið verður að því að efla samstarf milli fjölskyldusviðs og heilbrigðisþjónustu í málefnum geðfatlaðs fólks. Á það ekki síst við þegar um sambættan geð- og fíknivanda er að ræða.
- Áhersla er á að vinna og starfa eftir fjölskyldustefnu sveitarfélagsins.

Helstu verkefni á árinu 2017

Málefni fatlaðs fólks	Verklok	Ábyrgð
Að þjónustusamningar vegna stoðþjónustu s.s. liðveislu, akstursþjónustu og stuðningsfjölskyldu séu í gildi og uppfærðir reglulega.	Desember 2017	Þroskaþjálfir
Styðja við notendaráð fatlaðs fólks á Austurlandi með áherslu á rétt fólks til að hafa áhrif á eigið líf.	Maí 2017	Félagsmálastjóri og broskaþjálfir

Mánaðarlegir teymisfundir um málefni fatlaðs fólks þar sem farið er yfir stefnumótun, þróun og stöðuna í málaflokknum.	Desember 2017	Félagsmálastjóri og broskabjálfí
Haldið áfram að innleiða hugmyndafræði um Gentle teaching í þjónustu við fatlað fólk.	Desember 2017	Félagsmálastjóri og broskabjálfí

Málefni aldraðra	Verklok	Ábyrgð
Unnið verði áfram að sampættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu í samstarfi við HSA.	Desember 2017	Félagsmálastjóri og deildarstjóri búsetubjónustu
Endurmat á þjónustubjörf í Breiðabliki.	Febrúar 2017	Félagsmálastjóri og ráðgjafar
Unnið eftir tillögum ráðgjafa vegna reksturs hjúkrunarheimilanna í Fjarðabyggð.	Mars 2017	Félagsmálastjóri
Gera markvissari samninga milli félaga eldri borgara og sveitarfélagsins um félagsstarf eldri borgara.	Apríl 2017	Félagsmálastjóri og deildarstjóri búsetubjónustu
Innleiðing Careon tæknilausnar í heimaþjónustu.	Desember 2017	Deildarstjóri búsetubjónustu
Komið verði á fót varanlegu úrræði er lítur að dagvistunarúrræðu aldraðra í sveitarfélaginu	Desember 2017	Félagsmálastjóri og deildarstjóri búsetubjónustu

Fjárhagsaðstoð og félagsleg ráðgjöf	Verklok	Ábyrgð
Aukin áhersla verði lögð á félagslega ráðgjöf í forvarnarskyni og til að aðstoða fólk í vanda.	Desember 2017	Félagsmálastjóri og ráðgjafar

Forvarnir og jafnréttismál	Verklok	Ábyrgð
Lögð verði áhersla á að efla forvarnarstarf og fyrirbyggjandi aðgerðir með því að efla samvinnu sveitarfélagsins og viðeigandi stofnana á Austurlandi.	Maí 2017	Félagsmálastjóri
Þátttaka í samráðshóp í forvarnarmálum með aðkomu heilsugæslu, löggreglu og fjölskyldusviðs.	Desember 2017	Félagsmálastjóri í samvinnu við fræðslustjóra
Unnið verði markvisst eftir samþykktri fjölskyldu og jafnréttisáætlun Fjarðabyggðar.	September 2017	Ráðgjafi

Starfsmannamál og fagþróun	Verklok	Ábyrgð
Mánaðarlegir fagfundir starfsmanna verði haldnir. Tilgangur fundanna er að miðla upplýsingum og fræðslu t.d. með setu á námskeiðum og málþingum jafnt innan og utan Fjarðabyggðar.	Desember 2017	Félagsmálastjóri og fræðslustjóri
Stuðlað sé að sálfélagslegri vinnuvernd starfsfólks með viðeigandi stuðningsúrræðum s.s. faglegri einstaklings handleiðslu og hóphandleiðslu.	Desember 2017	Félagsmálastjóri

3. Fjölskyldusvið - Barnavernd

Sviðsstjóri: Sigrún Þórarinsdóttir

Starfsemin:

Starfsmenn félagsþjónustu, í umboði barnaverndarnefndar Fjarðabyggðar, ber ábyrð á málefnum barnaverndar skv. ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002. Starfsmenn barnaverndarteymis starfa í umboði nefndarinnar og taka á móti barnaverndartilkynningum, sjá um kannanir mála og úrvinnslu. Auk þess sinna starfsmenn barnaverndar umsagnarmálum, m.a. vegna umsókna aðila um leyfi til þess að gerast fósturforeldrar, vistforeldrar, stuðningsfjölskyldur eða umsóknir um leyfi til ættleiðingar barna.

Barnaverndarteymi mynda auk félagsmálastjóra, yfirlagsráðgjafi og ráðgjafi. Eiginleg stöðugildi í barnavernd eru 1,5 en starfsmenn sinna auk þess almennum málum skv. ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Starfsmenn barnaverndarteymis sinna málefnum barnaverndar skv. reglum barnaverndarnefndar Fjarðabyggðar, um framsal valds til starfsmanna skv. 14. gr. fyrrgreindra laga. Vikulegir meðferðarfundir eru haldnir í barnaverndarteymi þar sem barnaverndartilkynningar eru skráðar, málum úthlutað, einstaklingsmál rædd og ákvarðanir tekna um fyrirlögn mála fyrir nefnd.

Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar ber að hafa til umráða úrræði á ábyrgð sveitarfélaga sbr. reglugerð nr. 652/2004. Í því felst m.a. að til staðar sé heimili sem getur veitt börnum móttöku í bráðatilvikum skv. 84. gr. barnaverndarlaga, stuðningsfjölskyldur, tilsjónaraðilar og persónulegir ráðgjafar. Mismunandi er á hverjum tíma hversu margir einstaklingar sinna þeirri vinnu.

Starfsmenn barnaverndarteymis eiga sæti í nemendaverndarráðum grunn-, leik- og framhaldsskóla Fjarðabyggðar. Reglulega eru haldnir fræðslu- og kynnisfundir fyrir starfsfólk skólanna um feril og gang barnaverndarmála og samvinna til fyrirmynnar, við þá aðila sem koma að málefnum barna og ungmennum í sveitarfélagini.

Ef upp koma málefni sem varða barnavernd utan vinnutíma er hægt að ná í starfsmenn í gegnum Neyðarlínu 112 og með því að hafa samband við lögreglu.

Markmið/leiðarljós

- Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar hefur það að markmiði að skapa börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði, með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki þeirra. Meginmarkmiðið er að fjölskyldan geti búið saman, en sé þess þörf er barni sem býr við óviðeigandi aðstæður komið til hjálpar með viðeigandi aðgerðum.
- Lögð er áherslu á gott samstarf við íbúa og stofnanir sveitarfélaga um málefni barna m.a. til að tryggja sem best að tilkynningarskylda samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2001 sé virt.

Breytingar á forsendum/umhverfi

- Unnið verður áfram að því að efla samvinnu barnaverndarnefndar Fjarðabyggðar og helstu stoðstofnana sveitarfélagsins m.a. með reglubundnum samráðs- og kynningarfundum.

- Jafnframt verði lögð áhersla á forvarnarstarf og fyrirbyggjandi aðgerðir. Unnið verði skv. samningi við lögregluna á Austurlandi er varðar viðbragð og aðkomu að málum er varðar heimilisofbeldi.

Helstu verkefni á árinu 2017

Barnaverndarmál	Verklok	Ábyrgð
Tryggt sé að vistunarúrræði barna í bráðavanda utan heimilis sé ávallt til staðar skv. 84. gr. barnaverndarlaga.	Febrúar 2017	Yfirlagsráðgjafi
Kynningarfundir um barnavernd verði haldnir í öllum leikskólum Fjarðabyggðar fyrir starfsfólk. Áhersla verður lögð á fræðslu um feril og vinnslu barnaverndarmála auk tilkynningarskyldu.	Maí 2017	Félagsmálastjóri/ Yfirlagsráðgjafi og ráðgjafi
Kynningarfundir um barnavernd verði haldnir í öllum grunnskólum Fjarðabyggðar fyrir starfsfólk. Áhersla verður lögð á fræðslu um feril og vinnslu barnaverndarmála auk tilkynningarskyldu.	Maí 2017	Félagsmálastjóri/ Yfirlagsráðgjafi og ráðgjafi
Kynningarfundur um barnavernd verði haldinn í Verkmenntaskóla Austurlands fyrir starfsfólk. Áhersla verður lögð á fræðslu um feril og vinnslu barnaverndarmála auk tilkynningarskyldu.	Mars 2017	Félagsmálastjóri/ Yfirlagsráðgjafi og ráðgjafi
Starsfólk barnaverndarteymis taki þátt í árlegum starfsdegi barnaverndarstarfsmanna á Íslandi eða barnaverndarþingi	Október 2017	Félagsmálastjóri og starfsmenn teymis
Almennar upplýsingar um barnavernd og úrræði séu ávallt aðgengilegar almenningi á heimasíðu Fjarðabyggðar	Desember 2017	Félagsmálastjóri
Staðið sé skil á sískráningu til Barnaverndarstofu vegna fjölda tilkynninga sem berast barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar 15. hvers mánaðar.	Desember 2017	Yfirlagsráðgjafi
Staðið sé skil á árlegu samtölublaði til Barnaverndarstofu vegna tölulegra upplýsinga um barnaverndarmál í Fjarðabyggð	Maí 2017	Yfirlagsráðgjafi
Unnið sé eftir samningi um samþætt viðbrögð starfsmanna fjölskyldusviðs og lögreglu er varðar mál um heimilisofbeldi og fyrstu viðbrögð við útkall og eftirfylgd mála.	Maí 2017	Starfsmenn barnaverndarteymis
Innleiðing á Esther mastkerfi heldur áfram m.a. þátttöku starfsmanns í framhaldsnámskeiðum Barnaverndarstofu og fyrirlögn spurningar- og skimunarlista fyrir börn og fjölskyldur.	Janúar 2017	Yfirlagsráðgjafi/ ráðgjafi
Samvinna félagsþjónustu, barnaverndar, foreldra og leik- og grunnskóla, verði í formi samráðsfunda á teymisfundum og nemendaverndarráðsfundum. Fundirnir verði nýttir til að ræða mál sem eru í gangi, en einnig mál sem þarfast snemmtækrar íhlutunar.	Desember 2017	Yfirlagsráðgjafi /ráðgjafar

Árangursmæling:

- Samráðsfundir skóla = Magns alls 5 fundir í leikskólum, 5 fundir í grunnskólum og 1 fundur í VA
- Samráðsfundir með lögreglu = Magn 1-2 fundir á árinu
- Skil á sískráningu = Magn alls 12 skil fyrir árið 2017
- Skil á samtölublaði = Magn alls 1 skil fyrir árið 2017

4. Fjölskyldusvið - Fræðslumál

Sviðsstjóri: Þóroddur Helgason

Fræðslustofnanir Fjarðabyggðar

Undir fræðslumál falla málefni leik-, grunn- og tónlistarskóla.

Leikskólarnir eru fjórir og leikskóladeild er í Stöðvarfjarðarskóla. Skólarnir bjóða upp á nám fyrir nemendur á aldrinum frá 1 – 5 ára. Samtals er gert ráð fyrir 370 nemendum í leikskólunum þegar mest er. Í leikskólunum munu starfa u.p.b. 100 starfsmenn í 89 stöðugildum.

Grunnuskólarnir eru fimm og þeir bjóða upp á nám fyrir nemendur á aldrinum 6 - 16 ára og einnig frístundaheimili fyrir nemendur á aldrinum 6 -9 ára. Samtals er gert ráð fyrir um 630 nemendum á vorönn og haustönn í grunnuskólum Fjarðabyggðar. Á frístundaheimilum er gert ráð fyrir um 140 nemendum. Í grunnuskólum og frístundaheimilum munu starfa u.p.b. 142 starfsmenn í 121 stöðugildi.

Tónlistarskólarnir eru þrír í Fjarðabyggð og þjóna öllum íbúum Fjarðabyggðar. Í þeim eru 295 nemendur og þar starfa 13 starfsmenn í 12 stöðugildum.

Í skólum Fjarðabyggðar starfa því samtals u.p.b. 258 starfsmenn í 222 stöðugildum. Skipt eftir stofnunum er gert ráð fyrir eftirfarandi fjölda nemenda, starfsmanna og stöðugilda:

- Á fjölskyldusviði starfar einn starfsmaður að fræðslumálum.
- Í leikskólanum Sólvolllum á Norðfirði eru 112-118 nemendur og þar starfa 31 starfsmaður í 28,4 stöðugildum.
- Í leikskólanum Dalborg á Eskifirði eru 77-83 nemendur og þar starfar 23 starfsmaður í 19,8 stöðugildum.
- Í leikskólanum Lyngkholti á Reyðarfirði eru 96-104 nemendur og þar starfa 30 starfsmenn í 26 stöðugildum.
- Í leikskólanum Kærabæ á Fáskrúðsfirði eru 54-59 nemendur og þar starfa 14 starfsmenn í 11,6 stöðugildum.
- Í skolamötuneyti Fáskrúðsfjarðar starfa 2 starfsmenn í 1,65 stöðugildum.
- Í Stöðvarfjarðarskóla eru 6 leikskólanemendur og 20 grunnuskólanemendur og þar starfa 10 starfsmenn í 8,4 stöðugildum.
- Í Nesskóla á Norðfirði eru 211-214 nemendur, þar af 5 í skóla í Mjóafirði og 50 sem nýta sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum starfa 47 starfsmenn í 41,8 stöðugildum.
- Í Grunnskóla Eskifjarðar er 138-147 nemendur og 20-30 þeirra nýta sér þjónustu frístundaheimilis.
- Í skólanum starfa 33 starfsmenn í 27 stöðugildum.
- Í Grunnskóla Reyðarfjarðar eru 159-165 nemendur og 40 þeirra nýta sér þjónustu frístundaheimilis.
- Í skólanum starfar 22 starfsmenn í 28,6 stöðugildum.
- Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar eru 86-89 nemendur og 10-20 þeirra nýta sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum starfa 22 starfsmaður í 16,8 stöðugildum.
- Í Tónskóla Neskaupstaðar eru 110 nemandi og þar starfa 5 starfsmenn í 4,5 stöðugildum.
- Í Tónlistarskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar eru 120 nemendur og þar starfa 4 starfsmenn í 4 stöðugildum.
- Í Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar eru 65 nemendur og þar starfa 4 starfsmenn í 2,95 stöðugildum.

Markmið/leiðarljós

Leiðarljós Fjarðabyggðar er að hér sé góður staður fyrir börn og ungmenni að njóta fræðslu og frístunda.

Markmið Fjarðabyggðar er að vera í fremstu röð í fræðslumálum barna og ungmenna. Þessu markmiði viljum við ná með að:

- Veita metnaðarfulla og framsækna grunnmenntun í skólum
- Stuðla að og viðhalda árangursríku samstarfi við hagsmunaaðila
- Laða að og halda í hæft og drífandi starfsfólk.

Breytingar á forsendum/umhverfi

Með nýjum 8 deilda leikskóla á Norðfirði og leikskóladeildum í grunnskólunum á Eskifirði og Reyðarfirði geta skólarnir tekið við börnum frá eins árs aldr. Það er því ekki gert ráð fyrir að starfandi séu dagforeldrar 2017.

Nýsamþykkt fjölskyldustefna mun setja mark sitt á starf skólanna og mun það helst koma fram í vinnu við að bæta hljóðvist í skólum, í auknu forvarnarstarfi og vinnu við heilsueflandi verkefni. Áfram er unnið að eflingu læsis og stærðfræði, m.a. með þróunarverkefni í læsi og verkefnum tengdum sáttmála um læsi og sáttmála um bættan námsárangur.

Leikskólar: Við úthlutun á tímamagni til leikskóla er gengið út frá drögum að úthlutnarreglum Fjarðabyggðar. Skipulagsdagar verða fimm og sumarlokun fjórar vikur líkt og 2016. Starfsmannafundir í leikskólum, fundartími utan opnunartíma leikskóla, verða áfram tvær klukkustundir á mánuði. Stefnt er að eflingu markvissrar málörvunar, læsi og stærðfræði og nýta þar m.a. þjónustu kennsluráðgjafa frá Skólaskrifstofu Austurlands. Líkt og 2016 er boðið upp á 9 klst vistun á leikskólum og gjald pr. klst. fyrir vistun umfram 8 klst. verður sem fyrr tvöfalt hærra en gjald fyrir vistun allt að 8 klst. Foreldrar munu líkt og undanfarin sumur geta tekið börnin sín í 4, 6 eða 8 vikna langt samfellt sumarfrí og gjöld felld niður þann tíma. Sumarlokun leikskólanna verður stillt af þannig að sumarlokun skólanna fimm spanni u.p.b. two mánuði sumarsins. Gert er ráð fyrir að 370 börnum í leikskólum Fjarðabyggðar þegar flest er en það er 10 barna fjölgun frá árinu 2016 en það nemur fækkun barna hjá dagforeldrum. Áfram er gert ráð fyrir leikskóladeild innan grunnskólanna á Eskifirði og Reyðarfirði undir stjórn leikskólastjóra. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá í leikskólum hækki um 2% og aukagjald verði tekið fyrir vistun umfram 8 klst..

Grunnskólar og frístundaheimili: Við úthlutun á kennslutímamagni er gengið út frá gildandi úthlutunarreglum. Áfram verður unnið að því að styrkja verklegt nám sem og læsi og stærðfræðinám nemenda. Unnið verður að innleiðingu á verkefninu Orð af orði sem er viðbót við Byrjentalæsi og PALS. Gert er ráð fyrir um 630 nemendum í grunnskólum Fjarðabyggðar árið 2017 sem er sami fjöldi og haustið 2016. Gjaldskrá skólamáltíða í grunnskólum mun hækka um 2% sem og gjaldskrá frístundaheimila

Tónskólar: Gengið er út frá svipaðri þjónustu og árið 2016. Skólarnir stefna á að halda lúðrasveitamóti á Austurlandi árið 2017, sem síðan yrði haldið annað hvert ár en hitt árið farið á landsmót lúðrasveita. Gert er ráð fyrir 2% hækkan á gjaldskrá í tónlistarskólum.

Helstu verkefni á árinu 2017

Fræðslumál	Verklok	Ábyrgð
Boðið verður upp á námskeið í bekkjarart fyrir starfsmenn í skólum Fjarðabyggðar	Desember 2017	Fræðslustjóri
Ath leiðtoganámskeið. Nýju starfsfólki verði boðið upp á námskeið í Uppeldi til ábyrgðar	Október 2017	Fræðslustjóri
Skipuleggja með framkvæmdasviði Fjarðabyggðar úrbætur á hljóðvist í skólum Fjarðabyggðar	Ágúst 2017	Fræðslustjóri og mannvirkjastjóri
Bæta aðstöðu fyrir náttúrufræðikennslu í Nesskóla í samráði við framkvæmdasvið Fjarðabyggðar	Ágúst 2017	Fræðslustjóri og skólastjóri Nesskóla
Boðið verður upp á uppeldisnámskeið fyrir foreldra barna sem eru að byrja í leikskóla	September 2017	Leikskólastjórar
Grunnskólar Fjarðabyggðar beiti sér fyrir og nýti sér námsgagnabanka á netinu ætlaðan vendinámi/-kennslu	Desember 2017	Grunnskólastjórar
Nýta Skólavogina sem verkfæri í ytra mati í grunnskólum Fjarðabyggðar.	Desember 2017	Fræðslustjóri
Nýta Skólapúlsinn sem verkfæri í innra mati grunnskólanna. Nemendakönnun 2016-2017.	Desember 2017	Skólastjórar grunnskóla
Viðhalda samstarfi skóla um verklega kennslu í eðlis- og efnafræði, tæknilegó og nýsköpun	Desember 2017	Fræðslustjóri og skólastjórar
Unnið verður markvisst að markmiðum sem sett eru fram í sáttmála um læsi og sáttmálum un bættan námsárangur.	Desember 2017	Fræðslustjóri og skólastjórar
Starfa eftir samningi um Olweusarverkefnið gegn einelti í grunnskólum	Desember 2016	Skólastjórar grunnskóla
Pátttaka í Nótunni, tónlistarhátíð tónlistarskólanna	Mars 2017	Skólastjórar tónlistarskóla
Koma á lúðrasveitamóti á Austurlandi sem síðan yrði haldið annað hvert ár á móti landsmóti lúðrasveita.	Máí 2017	Skólastjórar tónlistarskóla
Ákveða hvernig verði staðið að framleiðslu á skólamáltíðum næstu 3 ár.	Janúar 2017	Fræðslunefnd
Vinna að því að skólamáltíðir fylgi sem best lýðheilsumarkmiðum landlæknisembættisins með gerð nýrra samninga eða nýs skipulags við gerð skólamáltíða	Maí 2016	Fræðslustjóri
Vinna að verkefnum í anda grænfánans og heilsueflandi skóla.	Desember 2017	Skólastjórar leik- og grunnskóla
Málþing um forvarnir í samstarfi við VA og Fjarðaforeldra	Febrúar 2017	Sviðstjórar og íþrótt- og tómstundafulltrúi
Unnið verði að því markmiði að efla samstarf innan Skólamiðstöðvar Suðurfjarða	Desember 2017	Fræðslustjóri og skólasjórar
Koma á heimsóknum milli skóla og skólastiga til að efla fagvitund	Desember 2017	Skólastjórar leik-, grunn- og tónlistarskóla

Endurskoða aðgerðaráætlun í fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar í takt við fjölskyldustefnuna	Júlí 2017	Fræðslustjóri
Endurskoða úthlutunarreglur til leikskóla í Fjarðabyggð	Maí 2017	Fræðslustjóri
Hafa faglegt samráð í forvarnarmálum með aðkomu heilsugæslu, lögreglu og fjölskyldusviðs	Desember 2017	Sviðstjórar og íþrótt- og tómstundafulltrúi
Bjóða 7. bekk grunnskólanna í Fjarðabyggð upp á skólabúðir á Stöðvarfirði.	Júní 2017	Skólastjórar og fræðslustjóri
Koma á samstarfsfundi kennara í elstu bekkjum grunnskóla og VA	Maí 2017	Skólastjórar, fræðslustjóri og skolameistari VA
Samræma verkferla um innkaupalista í grunnskólum Fjarðabyggðar	Maí 2017	Skólastjórar grunnskólanna

Árangursmæling

- Árangur og líðan barna og ungmenna í skólum samkvæmt sjálfsmatsáætlunum skólanna, Skólapúlsinum, Olweusaráætlun og rannsókninni Ungt fólk.
- Bera saman grunnskóla Fjarðabyggðar við aðra grunnskóla á Íslandi með notkun Skólavogarinnar.
- Kanna afstöðu foreldra með Skólapúlsinum.
- Bera saman grunnskóla Fjarðabyggðar við aðra grunnskóla á Austurlandi með aðstoð Skólaskrifstofu Austurlands.

5. Fjölskyldusvið - Íþróttar og tómstundamál

Sviðsstjóri: Þóroddur Helgason

Íþróttar- og tómstundastofnanir Fjarðabyggðar

Undir íþróttar- og tómstundamál falla málefni tómstunda- og íþróttamiðstöðva.

Félagsmiðstöðvarnar í Fjarðabyggð eru fimm og staðsettar í byggðarkjörnunum frá Norðfirði til Stöðvarfjarðar. Félagsmiðstöðvarnar starfa 9 mánuði ársins frá september til maí.

Íþróttamiðstöðvarnar í Fjarðabyggð eru sjö í talsins og þeim tilheyra fimm íþróttahús í byggðarkjörnunum frá Norðfirði til Stöðvarfjarðar, þrjár útisundlaugar á Norðfirði, Eskifirði og Stöðvarfirði, innisundlaug á Fáskrúðsfirði, kennslulaug á Reyðarfirði, Skíðamiðstöð Austurlands í Oddsskarði, Fjarðabyggðahöllin og íþróttavellir.

Í félags- og íþróttamiðstöðvum Fjarðabyggðar starfa samtals 33 starfsmenn í 25 stöðugildum.

Skipt eftir stofnunum er gert ráð fyrir eftirfarandi fjölda starfsmanna og stöðugilda:

- Á fjölskyldusviði starfar einn starfsmaður að æskulýðs- og íþróttamálum.
- Í félagsmiðstöðvunum starfa 8 starfsmenn í 4 stöðugildum.
- Í íþróttamiðstöðinni á Norðfirði starfa 8 starfsmenn í 7,5 stöðugildum.
- Í íþróttamiðstöðinni á Eskifirði starfa 7 starfsmenn í 5,5 stöðugildum.
- Í íþróttamiðstöðinni á Reyðarfirði starfa 3 starfsmenn í 3 stöðugildum.
- Í íþróttahúsini á Fáskrúðsfirði starfar 1 starfsmaður í 1 stöðugildi.
- Í Sundlaug Fáskrúðsfjarðar starfa 2 starfsmenn í 1,6 stöðugildum.
- Í íþróttamiðstöð Stöðvarfjarðar starfa 3 starfsmenn í 1,5 stöðugildi.

Markmið/leiðarljós

Leiðarljós í íþróttar- og tómstundamálum er að Fjarðabyggð sé góður staður fyrir fólk á öllum aldri til að njóta frístunda.

Almenn markmið í íþróttar- og tómstundamálum

- Góð aðstaða til almennar íþróttaiðkunar og félagsstarfs fyrir unglings.
- Veita skíða- og brettafólki góða þjónustu. Styðja við bakið á ferðaþjónustunni og fjölgla gestum.
- Fjölbreyttir möguleikar til íþróttar- og æskulýðsstarfs standi til boða í sveitarfélaginu.
- Jöfnun aðstöðu til íþróttaiðkunar og félagsstarfs á öllum þéttbýlisstöðum þannig að þjónustustigið nái hvarvetna tilteknu lágmarki.
- Virkt almennt forvarnarstarf fyrir börn og unglings.
- Veita metnaðarfulla og framsækna grunnmenntun í félagsmiðstöðvum.
- Styðja við fjölbreytt frístundastarf í sveitarfélaginu.
- Stuðla að og viðhalda árangursríku samstarfi við hagsmunaaðila.
- Laða að og halda í hæft og drífandi starfsfólk.

Breytingar á forsendum/umhverfi

Leitast verður við að halda uppi góðri þjónustu fyrir börn og unginga sem og fjölskyldur í íþróttameti- og félagsmiðstöðvum Fjarðabyggðar. Áfram verður það þannig að öll börn í Fjarðabyggð fá gefins árskort í sundlaugar Fjarðabyggðar árið 2017, en það er liður í að gera Fjarðabyggð að enn fjölskylduvænna sveitarfélagi og á sama tíma að nýta betur glæsileg íþróttamannvirki sveitarfélagsins. Eftirfarandi breytingar verða gerðar á gjaldskrám íþróttamiðstöðva:

Gjaldskrár fyrir íþróttamiðstöðvar hækka að meðaltali um 2%.

Helstu verkefni á árinu 2017

Íþróttameti- og tómstundamál	Verklok	Ábyrgð
Endurskoða aðgerðaráætlun í fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar í takt við fjölskyldustefnuna	Júlí 2017	Íþróttameti- og tómstundafulltrúi og fræðslustjóri
Kuldaboli, samstarfsverkefni félagsmiðstöðva í Fjarðabyggð sem fram fer í Fjarðabyggðahöllinni.	Október 2017	Íþróttameti- og tómstundafulltrúi og forstöðumenn
Forvarnarfræðsla fyrir ungmanni í félagsmiðstöðvum.	Desember 2017	Íþróttameti- og tómstundafulltrúi og forstöðumenn
Skipuleggja og framkvæma nokkur sameiginleg föstudagskvöld hjá félagsmiðstöðvunum í Fjarðabyggð.	Maí 2017	Íþróttameti- og tómstundafulltrúi og forstöðumenn
Endurnýja búnað í íþróttameti- og félagsmiðstöðvum Fjarðabyggðar í samræmi við fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.	Desember 2017	Íþróttameti- og tómstundafulltrúi og forstöðumenn
Safna saman upplýsingum um íþróttameti- og tómstundastarf í Fjarðabyggð sumarið 2016 og auglýsa á sérstöku vefsþærði undir heimasíðu Fjarðabyggðar.	Maí 2017	Íþróttameti- og tómstundafulltrúi
Halda áfram að fjölga greiðandi notendum íþróttamannvirki í Fjarðabyggð.	Desember 2017	Forstöðumenn íþróttamannvirki
Vinna að frekara samstarfi íþróttameti- og æskulýðsfélaga í Fjarðabyggð.	Desember 2017	Íþróttameti- og tómstundafulltrúi
Stefnt að tveimur opnum dögum yfir árið í íþróttamannvirkjum Fjarðabyggðar.	Desember 2017	Starfsmenn á fræðslu- og frístundasviði
Sækja um til UMFÍ að fá í Fjarðabyggð Landsmót 50+. Umsókn send í samstarfi við UÍA.	Maí 2017	Íþróttameti- og tómstundafulltrúi
Auglýsa eftir tilnefningum til íþróttamanns Fjarðabyggðar og veita afreksíþróttafólki viðurkenningar.	Desember 2017	Íþróttameti- og tómstundafulltrúi
Innleiðing „Fjarðabyggð heilsueflandi samfélag“	Desember 2017	Íþróttameti- og tómstundafulltrúi
Endurnýjun samninga við félög sem reka sína eigin aðstöðu (þessi vinna hefst haust 2016)	Febrúar 2017	Íþróttameti- og tómstundafulltrúi og sviðsstjóri fjölskyldusviðs
Halda áfram vinnu við innleiðingu Fjölskyldustefnu Fjarðabyggðar og vinna að innleiðingu frístundakorta	Desember 2017	Íþróttameti- og tómstundafulltrúi

		og fjölskyldusvið Fjarðabyggðar
Nýr snjótroðari fluttur til landsins og komið í gagnið	Janúar 2017	Íþróttta- og tómstundafulltrúi ásamt rekstraraðilum skíðamiðstöðvarinn ar í Oddskarði
Sumarnámskeið í júní fyrir 1. – 4. bekk í umsjá forstöðumanna félagsmiðstöðva (mögulega / lenging vinnutíma forstöðumanna félagsmiðstöðva)	Júní 2017	Íþróttta- og tómstundafulltrúi ásamt forstöðumönnum félagsmiðstöðva
Vegna aukinnar notkunar í íþróttamiðstöð Eskifjarðar verður bætt við starfshlutfalli þar. Við sama tækifæri verður hægt að bjóða upp á opnun í sundlaug Eskifjarðar á milli 9 og 13..	Janúar 2017	Íþróttta- og tómstundafulltrúi og forstöðumaður íþróttamiðstöðvar Eskifjarðar
Sparkvellir		Íþróttta- og tómstundafulltrúi

Árangursmæling

- Þjónustukönnun í sundlaugum. Viðskiptavinum gefinn kostur á að svara spurningum um
aðbúnað, opnun og þjónustu starfsfólks.
- Skráning og samanburður á aðsóknartölum í íþróttamannvirkjum 2017

6. Menningar- og safnamál

Sviðsstjóri: Gunnar Jónsson

Starfsemi:

Málflokkur menningar- og safnamála heyrir undir stjórnsýslu- og þjónustusvið Fjarðabyggðar.

Á söfnum starfa 5 starfsmenn í 4,82 stöðugildum sem heyra undir forstöðumann menningar- og safnamála sem fellur undir markaðs-, atvinnu- og menningarteymi.

Markmið og leiðarljos

Leiðarljos

- Að í Fjarðabyggð sé auðug og metnaðarfull menningarstarfsemi sem höfðar til heimamanna jafnt sem gesta
- Að menning gegni mikilvægu hlutverki í atvinnulífi sveitarfélagsins og sé mikilvæg sem aðdráttarafl og ímynd sveitarfélagsins
- Að Fjarðabyggð verði eftirsóttur áfangastaður fyrir ferðamenn vegna menningar og menningararfs
- Að menningarstarfsemi í sveitarfélagini sé byggð á góðu samstarfi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana
- Að íbúar eigi kost á að njóta safna og menningarlífis
- Að aðstaða fyrir menningarstarfsemi sé til fyrirmynnar og þar séu góð skilyrði fyrir varðveislu og miðlun menningararfs í gegnum fjölbreytt og áhugaverð söfn
- Að áhersla sé lögð á fagmennsku, skapandi og lifandi listastarfsemi
- Að hlúð sé að þeirri menningu sem fyrir er og að góðar forsendur séu fyrir nýsköpun á sviði menningarmála

Markmið

- Stuðlað sé að fjölgun menningarviðburða í Fjarðabyggð
- Stofnanir og fyrirtæki í Fjarðabyggð fengin til samstarfs um eflingu Fjarðabyggðar sem áfangastaðar
- Fjarðabyggð sé kynnt sem eina samstæða heild en menningareinkenni hvers byggðarkjarna njóti sín
- Styrkja og styðja við menningarlifið eftir því sem kostur er
- Vitund og þekkingu heimamanna á menningu og listum sé eflid
- Menningarverðmæti verði varðveitt og sinnt forvörslu muna
- Veita skólum og almenningi aðgengi að góðri- og metnaðarfullri þjónustu
- Bókasöfnin nýtist almenningi sem upplýsinga- og þjónustugáttir
- Veita öllum íbúum sveitarfélagsins jafnan og greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti til lestrar og afþreyingar á bókasöfnum
- Að unnið verði á faglegan hátt að framþróun safna og aukinni menningarlegri fjölbreytni þeirra til styrkja ímynd Fjarðabyggðar sem safna- og menningarsveitarfélags
- Að söfnin séu hluti af fjölbreyttri menningu í Fjarðabyggð
- Að tekið sé vel á móti gestum safnanna og stuðlað að miðlun upplýsinga á sem fjölbreyttastan hátt sem nýtist þeim og skapi jákvæða upplifun um sögu og menningarárf

- Að nýta fjármagn á skilvirkan og hagkvæman hátt, notendum og samfélagini til hagsbóta

Breytingar á forsendum og umhverfi

Fjarðabyggð stefnir að því að verða leiðandi í menningarstarfi í sveitarfélagini með stuðningi og hvatningu til þeirra sem starfa að menningarmálum.

Menningarstefna sveitarfélagsins verður innleidd á árinu 2017 ásamt því að menningarstofa verður sett á laggirnar.

Sveitarfélagið ætlar að tryggja nægilegt fjármagn til málafloksins og mun stuðla að góðri nýtingu þeirra fjármuna.

Starfsemi safnanna verður með svipuðum hætti á árinu 2017 og var 2016, en stefnt er að því að auka þjónustu þeirra með nýrri safnaleiðsagnatækni.

Gjaldskrá bókasafna og annarra safna verður óbreytt frá árinu 2016.

Þá er íbúum Fjarðabyggðar veittur frír aðgangur að söfnum júní, júlí og ágúst 2017.

Helstu verkefni á árinu 2017

Menningarmál	Verklok	Ábyrgð
Menningarstefna – Staðfesting stefnu og útfærsla framkvæmdaáætlunar/aðgerða		Menningar- og safnanefnd
Menningarstofa – staðfesting stofnsamþykkta / stofnun og innleiðing		Menningar- og safnanefnd
Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði – efling starfsemi miðstöðvarinnar með frekari aðkomu í gegnum samstarfsvetvang		Menningar- og safnanefnd
Tónlistarmiðstöð - efling hennar.		Menningar- og safnanefnd
Lifandi safn = viðburðir af ýmsu tagi. (þarf tillögur menningarstofu og forstöðumanns)		Forstöðumaður m&s
Nýbreytni í safnastarfi. Safnaleiðsagnakerfi í Stríðsárasafni uppsett		Forstöðumaður m&s
Nýbreytni í safnastarfi. Safnaleiðsagnakerfi í Safnahúsi í Neskaupstað		Forstöðumaður m&s
Rekstrarþjónusta vegna tæknibúnaðar á Franska safni, skilgreining og þjónustusamningur		Forstöðumaður m&s
Átak í kynningu og markaðssetningu safnanna á ferðaþjónustumarkaði (samstarf við markaðs- og upplýsingafulltrúa)		Forstöðumaður m&s
Safnaráð Neskaupstaðar. Starfsemi í safnahúsi skilgreind. Formgert samstarf og fjárhagur skilgreindur m.t.t. samþykkt		Forstöðumaður m&s
Merkingar á hugaverðra staða og menningarminja. Markmið 5 skilti árlega næstu ár. Forgangsröðun og uppsetning		Forstöðumaður m&s
Fornleifaskráning í Stöð á Stöðvarfirði rannsóknir á mublum Þórhadds hins gamla frá Mæri.		Forstöðumaður stjórnsýslu
Söguritun Stöðvarfjarðar, öflun og skrásetning mynndefnis og kynning á framkvæmd heimildaöflunar	okt	Forstöðumaður stjórnsýslu

Árangursmælingar

- Fjöldi menningarviðburða og sýninga
- Fjöldi gesta á hátíðir Fjarðabyggðar
- Nýting á Jensenshúsi
- Fjöldi skráðra ljósmynda á stafrænt form
- Fjöldi gesta á söfn
- Fjöldi gesta á tjaldsvæði
- Fjölmíðlaumfjöllun „share of voice“ mælikvarði CI

7. Framkvæmdasvið

Sviðsstjóri: Marinó Stefánsson

Starfsemi sviðsins

Undir framkvæmdasvið heyra verklegar framkvæmdir sveitarfélagsins og hafnarsjóðs Fjarðabyggðar auk reksturs og utanumhalds fasteigna, opinna svæða, gatnakerfis, rafveita, hitaveita, fráveita og vatnsveita. Einnig heyrir undir sviðið hunda-, katta- og meindýraeftirlit, umsjón vinnuskóla og sorpmiðstöð Fjarðabyggðar. Starfsmenn framkvæmdasviðs eru alls 20 á 5 starfsstöðvum. Á skrifstofu eru 7 starfsmenn, í þjónustumiðstöðvum sem eru staðsettar á Norðfirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði eru 11 starfsmenn og 1 starfsmaður starfar við hita- og fjarvarmaveitur Fjarðabyggðar og 1 starfsmaður hjá Rafveitu Reyðarfjarðar.

Markmið/leiðarljós

- Veita íbúum og stofnunum eins góða og skilvirka þjónustu og hægt er, með allt sem heyrir undir sviðið.
- Að skilgreina betur og bæta þjónustu við viðskiptavini sviðsins, gera verkferla skýrari og stuðla að faglegri meðferð erinda.
- Búa til jákvætt og vinalegt starfsumhverfi og efla sjálfstæði og frumkvæði starfsmanna.
- Efla upplýsingakerfi og koma gögnum á rafrænt form. Auka upplýsingaöflun, greiningu upplýsinga og aðgengi að þeim.
- Bæta ásýnd mannvirkja og umhverfis, samræma merkingar og framsetningu upplýsinga.
- Stuðla að auknu öryggi vegfarenda hvort sem þeir eru gangandi, hjólandi, ríðandi eða akandi.
- Stuðla að aukinni meðvitund almennings um umhverfismál t.d með fræðslu um meðferð úrgangs.
- Styrkja og efla forvarnir og framkvæmd eldvarnareftirlits.
- Stuðla að góðri þjálfun og fræðslu um eldvarnir til starfsmanna, fyrirtækja og almennings.

Helstu verkefni

- Rekstur fasteigna Fjarðabyggðar, umsjón með áætlunargerð, halda utan um viðhald og nýframkvæmdir
- Rekstur fráveitu, viðhald og nýframkvæmdir
- Rekstur vatnsveitu, viðhald og nýframkvæmdir
- Rekstur Rafveitu Reyðarfjarðar, viðhald og nýframkvæmdir
- Rekstur Hitaveitu Fjarðabyggðar, viðhald og nýframkvæmdir
- Rekstur Sorpmiðstöðvar, samningar við verktaka, kynningar og eftirlit.
- Rekstur gatnakerfis, viðhald og nýframkvæmdir
- Umsjón og skipulagning almenningssamgangna.
- Rekstur umhverfismála, en til þeirra telst umsjón með hunda- og kattahaldi, umsjón vinnuskóla og sumarvinnu, umsjón með tjaldsvæðum og umhirða allra opinna svæða í sveitarfélagini.
- Þjónustumiðstöð og tækjamiðstöð heyra undir rekstur sviðsins og starfa báðar deildir þvert á allan annan rekstur sviðsins, ásamt því að þjónusta aðra málaflokka sveitarfélagsins

- Utanumhald með öllum verklegum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins og hafnarsjóðs Fjarðabyggðar, jafnt í A-hluta sem og B-hluta
- Framkvæmdasvið starfar með eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd og eru reglugerir fundir nefndarinnar hálfsmánaðarlega allt árið.

Breytingar á forsendum/umhverfi

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á starfsemi sviðsins á árinu 2017. Starfsmenn sviðsins eru alls 20. Störfin skiptast þannig að starfsmenn á skrifstofu verða 7 og 13 starfsmenn eru í veitum og þjónustumiðstöðvum.

Á skrifstofu eru sviðstjóri, umhverfisstjóri, verkefnastjóri á framkvæmdasviði, eigna- og framkvæmdafulltrúi, þjónustufulltrúi á framkvæmdasviði, verkefnastjóri á framkvæmdasviði. Þjónustufulltrúi símvörslu og skrifstofu færist yfir á stjórnsýslu- og þjónustusvið.

Í veitum og þjónustumiðstöðvum eru forstöðumaður hitaveitu, 3 bæjarverkstjórar, 2 aðstoðarverkstjórar, 5 véla- og verkamenn og 3 yfirflokkstjórar umhverfismála.

Á árinu 2017 er stefnt á að halda áfram með það verkefni sem byrjað var á á árinu 2016 að leggja sérstaka áherslu á kantsteina, gangstéttar og umferðaröryggismál. Það sama má segja í umhverfismálum, en framkvæmdir í þeim verða stilltar saman við framkvæmdir í gatnakerfi, veitum og hjá Hafnarsjóði, til að hámarka þann árangur sem hægt er að ná, miðað við það fjármagn sem verður til umráða. Verður lagt mikið upp úr að ná þessu samstarfi og sampættingu, þannig að niðurstaða verkefna skili alltaf betri ásýnd á umhverfið heldur en áður en farið var í framkvæmdir.

Undanfarin ár hefur verið leitast við að fá styrki til verkefna sem betrumbæta ferðamannastaði. Þessu verður haldið áfram en árið 2017, þ.e.a.s. áningastaði og stíga í Hólmanesi og Fólkvanginu í Norðfirði og við Sö Xu. Áfram verður þó leitað eftir styrkjum til framkvæmda við ferðamannastaði auk styrkja til að gera hjóreiðarstíga og skógræktarstíga. Það er gert í samvinnu við viðkomandi skógræktarfélag, móttöku veraldarvina og SEEDS.

Stefna sviðsins er að Fjarðabyggð verði fyrirmund annarra sveitafélaga í umhverfismálum þar sem lögð er áhersla á samspil þess að bera virðingu fyrir náttúrunni en bjóða samt upp á möguleika á fjölbreyttri atvinnuuppbryggini. Jafnframt leggur sviðið áherslu á að bjóða upp á aðstöðu sem stuðlar að fjölbreyttu mannlífi í verkefnum sem snúa að fólkvöngum, friðlöndum og útvistarsvæðum, fegrún bæjanna og gatnahreinsun.

Stærri verkefni B-hluta fyrirtækja árið 2017 eru fráveituverkefni og undirbúningi og hönnun á stækkun leikskóla á Eskifirði og Reyðarfirði, viðhaldsmál grunnskóla Fáskrúðsfjarðar. Fráveituverkefnið felst í endubótum fráveitu við Leirubakka á Eskifirði. Erfiðasti málaflokkurinn í B-hluta er rekstur félagslegra íbúða, en hallarekstur hefur verið viðvarandi og möguleikar til breytinga litlir þó að nokkur skref hafi verið stigin á þeirri leið. Gjaldskrárbreytingar í B- hluta munu taka mið af verðlags-, vaxta- og gengisþróun síðasta árs. Horft verður til þess að reyna að halda gjaldskrárhækkunum í lágmarki.

Helstu verkefni á árinu 2017

Framkvæmdasvið	Verklok	Ábyrgð
Viðhaldsverkefni fasteigna er stór þáttur í verkefnum hvers árs. Stærstu einstöku verkefni næsta árs eru viðhald á grunnskólum, sundlaugum og hönnun á stækkunarmöguleikum á leikskólunum á Eskifirði og Reyðarfirði.	Allt árið	Eigna- og framkvæmdafulltrúi
Verkefni í tengslum við ofanflóðavarnir á Eskifirði	Allt árið	Sviðsstjóri
Utanumhald nýframkvæmda á B-hluta fyrirtækja sviðs er stór þáttur, en þar er um að ræða framkvæmdir á vatnsveitu, fráveitu, rafveitu, hitaveitu og sorpmiðstöðvar.	Allt árið	Sviðsstjóri
Utanumhald nýframkvæmda fyrir Hafnarsjóð Fjarðabyggðar.	Allt árið	Sviðsstjóri
Klára frágang á öllum lagnagrunnum en búið er að færa inn allar upplýsingar sem til voru. Klára þarf að gera grunna aðgengilega fyrir veitu og þjónustumiðstöð.	Allt árið	Sviðsstjóri
Setja þarf upp umferðarmerki, hraðahindranir og gangbrautir samkvæmt gildandi umferðarsamþykkt	Allt árið	Sviðsstjóri
Vinna þarf umferðaröryggisáætlun fyrir Fjarðabyggð í samvinnu við foreldrafélög, lögreglu, Vegagerðina o.fl. í framhaldi þarf að forgangsraða og setja í áætlanir framkvæmdir sem stuðla að auknu umferðaröryggi í Fjarðabyggð.	Allt árið	Sviðsstjóri
Halda utan um og taka áfram þátt í að skipuleggja almenningssamgöngur á Austurlandi í samstarfi við önnur sveitarfélög á Austurlandi, Alcoa Fjarðaál, og aðra hagsmunaaðila.		Sviðsstjóri
Innleiða frekari flokkun í Fjarðabyggð, bæði með endurvinnslutunnunni og með því að hvetja íbúa til heimajarðgerðar. Auk þess verður lögð aukin áhersla á fræðslu um málaflokkinn. Markmið ársins er að flokkun verði 20% í endurvinnslutunnuna.	Allt árið	Verkefnastjóri umhverfismála
Utanumhald vinnuskóla, skipulagning, umsjón daglegra verkefna og flokksstjórnun.	Allt árið	Umhverfisstjóri
Undirbúningur og skipulag umhirðu grænna svæða, skipuleggja umhirðu stíga, skipuleggja verkefni sumarsins s.s. lúpínu, hreinsun á fjörum og landi.	Allt árið	Umhverfisstjóri
Halda áfram að skanna og skrá teikningar gatna og veitna framkvæmdasviðs, ásamt öllum teikningum Hafnarsjóðs.	Allt árið	þjónustufulltrúi á framkvæmdasviði
Undirbúningur og vinna á langtíma viðhaldsáætlun og stýrðu viðhaldi fyrir fasteignir eignasjóðs, Hrauns ehf. og félagslegra íbúða Fjarðabyggðar.	Allt árið	Eigna- og framkvæmdafulltrúi
Leikvellir í Fjarðabyggð. Gera verkáætlun um uppbyggingu leiksvæða.	Allt árið	Eigna- og framkvæmdafulltrúi
Uppbygging áningarstaða í Fjarðabyggð samkvæmt verkáætlun.	Allt árið	Umhverfisstjóri
Samið hefur verið við verktaka um rekstur tjaldsvæða í Fjarðabyggð. Endurnýja þarf samninga og endurskoða fyrir sumarið 2017.	Vor 2017	Umhverfisstjóri
Kortleggja þarf göngu- og hjóreiðastíga í sveitarfélagini og gera áætlanir um frekari uppbyggingu þeirra og skipulag.	Allt árið	Sviðsstjóri
Fara yfir og meta rekstraröryggi Hitaveitu Eskifjarðar m.t.t. viðhalds og framkvæmda veitunnar.	Allt árið	Sviðsstjóri og hitaveitustjóri
Eftirlit með að verksamningur um meðhöndlun úrgangs sé uppfylltur. Sjá um fræðslu til íbúa varðandi flokkun úrgangs auk móttöku ábendinga og kvartana	Allt árið	Verkefnastjóri umhverfismála

Árangursmæling

- Að verkefni séu í samræmi við áætlanir, bæði hvað varðar tíma og kostnað
- Að rekstur allra málaflokka verði innan fjárhagsáætlana
- Að sorpflokkun nái settu markmiði eða 20%

8. Skipulags- og byggingarmál

Skipulags- og byggingarfulltrúi: Valur Sveinsson

Starfsemi vegna skipulags- og byggingarmála

Undir skipulags- og byggingarmál heyra skipulags- og byggingarmál í Fjarðabyggð. Skipulags- og byggingarfulltrúi sinnir skipulags- og byggingarmálum í Fjarðabyggð. Skipulags- og byggingarfulltrúi er með starfstöð á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar.

Markmið/leiðarljós

- Veita íbúum og stofnunum eins góða og skilvirka þjónustu og hægt er, með allt sem heyrir undir skipulags- og byggingarmál.
- Að skilgreina betur og bæta þjónustu við viðskiptavini, gera verkferla skýrari og stuðla að faglegri meðferð erinda.
- Efla upplýsingakerfi og koma gögnum á rafrænt form. Auka upplýsingaöflun, greiningu upplýsinga og aðgengi að þeim.

Helstu verkefni

- Skipulags- og byggingarfulltrúi fylgir eftir aðalskipulagi sveitarfélagsins, annast aðal- og deiliskipulagsgerð, útgáfu leyfisveitinga á sviði skipulags- og byggingamála
- Skipulags- og byggingarfulltrúi starfar með eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd og eru reglulegir fundir nefndarinnar hálfsmánaðarlega allt árið.

Breytingar á forsendum/umhverfi

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á skipulags- og byggingarmálum á árinu 2017. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á stöðugildum hjá embættinu.

Árið 2017 mun einkennast af því fjármagni sem til málaufloksins er úthlutað, en búið er að hagræða miðið undanfarin ár. Að þessu sinni eru rammar að mestu leyti óbreyttir milli ára. Það er að segja rammar eru ekki að hækka neitt umfram almennar, launa- og vöruhækkanir og mun rekstur þeirra taka mið af því.

Undanfarin ár hefur verið leitast við að fá styrki til skipulagsvinnu vegna verkefna sem betrumbæta ferðamannastaði. Þessu verður haldið áfram árið 2017, þ.e.a.s. vegna skipulagsvinnu við Fólkvang Neskaupstaðar og við Söxu.

Helstu verkefni á árinu 2017

Skipulags- og byggingarmál	Verklok	Ábyrgð
Skönnun, tenging og skráning teikninga- og skjalasafns skipulags- og byggingarfulltrúa. Unnið verður að tengingum teikninga sem eftir eru í gagnasjá svo þær verði sýnilegar á heimasíðu Fjarðabyggðar.	Allt árið	Skipulags- og byggingafulltrúi / þjónustufulltrúi á framkvæmdasviði
Halda áfram með stjórnerfi byggingafulltrúa þannig að það uppfylli allar kröfur ISO 17020 um samræmismat fyrir 1. janúar 2018.	Allt árið	Skipulags- og byggingafulltrúi
Endurskoða umsóknareyðublöð skipulags- og byggingarmála. Skoða skal möguleika innleiðingar á rafrænum eyðublöðum.	Júní	Skipulags- og byggingafulltrúi
Deiliskipulagsvinna fyrir svæði þar sem ákveðið hefur verið að vinna ný deiliskipulög eða endurbæta og uppfæra gömul. Þau deiliskipulög sem til stendur að vinna á árinu 2017 eru <ul style="list-style-type: none">○ Deiliskipulag miðbæjar Eskifjarðar.○ Deiliskipulagi miðbæjar á Reyðarfirði og deiliskipulagi fiskihafnar á Reyðarfirði○ Hesthúsa- og búfjárvæði á Kirkjubólseyrum Norðfirði.○ Deiliskipulag Fólkvangs Neskaupstaðar○ Deiliskipulag Sö Xu	Allt árið	Skipulags- og byggingafulltrúi

Árangursmæling

- Að verkefni séu í samræmi við áætlanir, bæði hvað varðar tíma og kostnað
- Að rekstur málafloksins verði innan fjárhagsáætlana

9. Stjórnsýslu- og þjónustusvið

Sviðsstjóri: Gunnar Jónsson

Starfsemi:

Sviðið er stoðsvið sem veitir þjónustu þvert á fagsvið sveitarfélagsins. Í þjónustu felst m.a. ráðgjöf til stjórnenda í þeim málum sem falla undir sviðið.

Hlutverk stjórnsýslu- og þjónustusviðs Fjarðabyggðar er að vinna fyrir bæjarbúa og stuðla að skilvirkri og góðri þjónustu.

Sviðið er ábyrgt fyrir almennri þjónustu bæjarskrifstofu, stjórnsýslu og skjalamálum, gæðamálum, mannauðs- og kjaramálum, upplýsingatæknimálum, markaðs- og kynningarmálum, menningar- og safnamálum, atvinnu- og ferðamálum auk ýmsum þróunarmálum.

Þá annast sviðið undirbúning funda bæjarstjórnar, bæjarráðs og menningar- og safnanefndar, framkvæmd þeirra og afgreiðslu mála ásamt kosningum.

Sviðið er skipað 8 starfsmönnum í 8 stöðugildum sem vinna saman í þremur teymum og er áhersla lögð á þétt samstarf starfsmanna um lausnir verkefna. Þá starfa í söfnum 5 starfsmenn í 4,82 stöðugildum sem heyra undir forstöðumann menningar- og safnamála.

Teymin eru:

- stjórnsýslu- og þjónustuteymi
- mannauðs og kjarateymi
- upplýsinga-, atvinnu- og menningarteymi

Markmið/leiðarljós

Stjórnsýsla, gæðamál og þjónusta

Markmið sviðsins til lengri tíma miðar að því að starfsemi þessi þróist í átt að rafrænni og opinni stjórnsýslu. Þjónusta við íbúa, fyrirtæki og stofnanir sé fyrsta flokks.

Unnið sé skipulega að skilvirkni og góðri þjónustu til að stuðla að bættri ímynd sveitarfélagsins.

Reglur og ferlar séu uppfærðir reglubundið með það að markmiði að þeir endurspegli starfshætti og stjórnsýsluna. Markmið sé að stjórnsýsla sé skilvirk.

Unnið að setningu markmiða í þjónustu með þjónustulýsingum og þjónusta veitt í samræmi við markmið.

Mat sé lagt á flæði hinna ýmsu mála í gegnum stjórnsýsluna, embætti og ólíkar nefndir með það að leiðaljósi að hraða afgreiðslu mála og meta hvort þau hafi verið afgreidd rétt innan eðlilegra tímamarka. Metið hvort unnið sé rétt með framsal fullnaðaraafgreiðslu til nefnda og embætta. Sérstakt átak verði gert í að fækka málum með óskýrðan og óeðlilegan afgreiðslutíma og lærdómur dregin af niðurstöðum átaks.

Mannauðs- og kjaramál

Markmið sviðsins til lengri tíma er að styðja við eflingu mannauðs sveitarfélagsins og að allt umhald og skipulag starfsmannamála sé samræmt milli stofnana og byggi á reglum og ferlum sem leiðbeinandi eru fyrir stjórnendur og starfsmenn.

Nýlega samþykkt mannauðsstefna sveitarfélagsins sé innleidd með árangursríkum hætti með stuðningi af reglum sem útfæra framkvæmda mannauðsmála.

Stutt verði við Skemmtifélag starfsmanna Fjarðabyggðar. Lagt verði fjármagn til líkamsræktarstyrkja og hugmyndaþings starfsmanna.

Reglubundið mat gert á endur- og símenntun starfsmanna, skipulagi og nýtingu fjármagns.

Mat á fræðsluþörf starfsmanna sé unnið skipulega og með því hlúð að þekkingarauði m.a. með skilvirkri skráningu upplýsinga.

Lögð áhersla á að starfsþróunarsamtöl séu gerð að virku stjórntæki og áherslur í viðtolum endurspeglast í raunverulegum verkefnum sem er niðurstaða starfsþróunarsamtals. Starfsþróunarsamtöl nýtt til að greina vandamál á vinnustað og niðurstaða þeirra verði að virkum verkefnum sem séu falin í umsjón hlutaðeigandi stjórnenda.

Unnið verði úr niðurstöðum úr könnunar á starfslíðan starfsmanna Fjarðabyggðar sem gerð var í nóvember 2016. Markmið er að niðurstöður séu nýttari til að:

- efla stjórnendur og bæta stjórnunarhætti
- bæta miðlun upplýsinga til starfsmanna og efla samráð
- vinna að því að minnka streitu og álag meðal starfsmanna
- styðja við heilsueflingu og áhugamál starfsmanna
- bæta ráðningarárferli og skapa traust á faglegri ákváðanatöku í starfsmannamálum
- efla starfsanda og skilning starfsmanna og stjórnenda á mikilvægi jákvæðs starfsanda
- starfsmenn fái notið hæfileika sinna í starfi og bæti starfstengda þekkingu sína.
- yfirfara starfstengdar starfslýsingar til að skerpa á ábyrgð og skilvirkni.

Unnið verði áfram í ferlum í starfsmannamálum og verklýsingum vegna ýmissa þátta eins og meðferð veikindafjarvista, ráðninga o.s.frv.

Reiknireglur í Bakverði (tíma- og viðveruskráningarkerfið) verði settar upp að nýju þegar uppfærsla á viðverukerfi er lokið og það fært í SQL

Stofnanir verði heimsóttar á árinu þar sem farið verði yfir starfsmannamál almennt. Markmið fundanna er að koma á framfæri áherslum í starfsmannamálum. Fundað verði með stjórnendum og ef þörf starfsmönnum.

Unnið verði að uppfærslu gagna í launakerfi og skilgreindar verði kröfur um nauðsynlegar upplýsingar og umhald þeirra.

Fylgst verði sérstaklega með frávikum í rekstri frá gildandi launaáætlun fyrir árið 2017 m.a. þar sem nýtt vinnulag er viðhaft við eftirlit með launaútgjöldum og tryggja að gripið verði til ráðstafana verði um veruleg frávik að ræða.

Upplýsingatæknimál

Markmið sviðsins til lengri tíma miðar að því að starfsemi sveitarfélagsins þróist í átt að rafrænum lausnum þar sem besta fáanleg tækni verði nýtt til hagsbóta fyrir stjórnendur, starfsmenn og viðskiptavini.

Upplýsingamiðlun verði efla til að auðvelda stjórnendum að fylgjast með rekstri stofnana sinna og almennri frammistöðu. Undirbúin verði innleiðing á nýjum starfsmanna – og stjórnendavef sem veitir aðgengi að miðlægum upplýsingum sem haldið er utanum í launa- og mannauðskerfi. Í nýjum vef verður stjórnendum gefinn kostur á að fylgjast með þáttum eins og kostnaði, starfsmannaveltu, menntun og þekkingu.

Í upplýsingatækni verði stuðlað að öryggi og skilvirkni í rekstri tölvukerfa. Verkefni í upplýsingatæknimálum á árinu 2017 verði:

- viðveru- og tímaskráningarkerfi verði uppfært til einföldunar
- samþætting launakerfis H3 og viðverukerfis verði sérstök áhersla
- metin verði valkostir í samstarfi við Skrá vegna islands.is og innleiðing á íslykli
- lokið verði við innleiðingu á rafrænni upplýsingagátt og umsóknum fyrir íbúa

Mat lagt á rafrænar lausnir með rafrænum umsóknum, íbúagátt og island.is til að efla rafræna stjórnsýslu.

Reglubundin yfirferð skv. ársverkalista.

Upplýsinga- og kynningarmál

Markmið sviðsins til lengri tíma miðar að því að skapa sterka ímynd sveitarfélagsins sem aðlaðandi og sterks samfélags sem þekkt sé fyrir gæði og öryggi og orðspor þess sé þekkt af þessum þáttum.

Að veita íbúum sem gleggstar upplýsingar um þjónustu Fjarðabyggðar og kynna sveitarfélagið sem spennandi valkost og áfangastað.

Gera Fjarðabyggð að eftirsóttum áfangastað fyrir ferðamenn allt árið um kring og stuðla þannig að betri afkomu atvinnulífs og menningarstarfs í tengslum við ferðapjónustu á Austurlandi.

Stuðla að aukinni fagmennsku í greininni og gæðum í upplýsingamiðlun til ferðamanna.

Auka vægi viðburða í ferðamennsku í Fjarðabyggð til hagsbóta fyrir íbúa, atvinnulíf og gesti.

Virkja stofnanir og fyrirtæki í Fjarðabyggð til samstarfs um eflingu Fjarðabyggðar sem áfangastaðar.

Stuðla að jákvæðum fréttalutningi um sveitarfélagið sem stuðlar að styrkri ímynd þess.

Kynna Fjarðabyggð sem eina samstæða heild en jafnframt leyfa hverjum byggðarkjarna að njóta sérstöðu.

Nýta sem flesta miðla við kynningu og markaðssetningu sveitarfélagsins.

Atvinnu- og markaðsmál

Markmið Fjarðabyggðar er að verða samkeppnishæft við önnur landsvæði og á alþjóðavísu til fjárfestinga, búsetu og til að sækja heim. Með starfi atvinnu- og þróunarstjóra er stuðlað að því að Fjarðabyggð eflí atvinnulíf og leitað sé tækifæra til fjölbreytni starfa og vaxtar atvinnuvega.

Hlutverk Fjarðabyggðar er að styðja við grunnatinnuvegi samfélagsins og hvetja til þróunar og nýsköpunar með samvinnu við fyrirtæki, stofnanir og stjórnsýslu, hlutverk Fjarðabyggðar er einnig að veita upplýsingar og draga saman helstu hagtölur tengt atvinnu, búsetu, fjölda ferðamanna og helstu innviði

Fjarðabyggð leggur áherslu á að í sveitarfélaginu byggist upp sterkt þekkingarsamfélag með sérstaka áherslu á rannsóknir, þróun og fjölbreytt atvinnulíf

Markmið sviðsins til lengri tíma miðar að því að styðja við atvinnulífið almennt en sérstaklega sé hlúð að nýjum atvinnugreinum með ráðgjöf og verði Austbrú burðarás sem fagstofnun á því sviði.

Að vera leiðandi í samskiptum og samvinnu milli hagsmunaaðila í atvinnulífinu með það að leiðarljósi að efla fjölbreytni og þróun atvinnulífsins ásamt því að auka atvinnustig.

Að styrkja ferðaþjónustuna sem atvinnugrein og gera Fjarðabyggð að spennandi áfangastað fyrir ferðamenn.

Auka fjölbreytni starfa og kynna Fjarðabyggð sem valkost fyrir fyrirtæki sem vilja gott og traust rekstrarumhverfi.

Vinna í samvinnu við Austurbrú að auknum tækifærum til atvinnusköpunar með áherslu á þróun og samstarf fyrirtækja.

Nýta allar leiðir til samgöngubóta.

Almennt

Sviðið sé skipað ánægðu starfsfólki og sé vel tæknilega búið til að sinna framúrskarandi þjónustu til íbúa, fyrirtækja og stofnana. Skilvirkni sviðsins sé hámörkuð og það vinni skipulega að bættri ímynd sveitarfélagsins.

Upplýsingagjöf og miðlun til stofnana sé að frumkvæði sviðsins.

Unnið skipulega að eflingu þekkingar með hagnýtum námskeiðum.

Breytingar á forsendum/umhverfi

Fjármagn til Atvinnþróunarsjóðs verði tvöfalt á árinu til stuðnings við fjárhagslega endurskipulagningu Austurbrúar til eflingar starfsemi.

Helstu verkefni á árinu 2017

Stjórnsýslu- og þjónustusvið	Verklok	Ábyrgð
Mat á gildandi verklysingum og stjórnsýslulegum ferlum og áætlun gerð um endurbætur á ferlum og gerð nýrra.	mars	Sviðsstjóri

Verkferlar og skipulag þjónustu sviðsins metið út frá samstarfi við Austurbrú, stoðstofnun sveitarfélaga á Austurlandi.	maí	Sviðsstjóri
Ólokin eldri mál í skjalakerfi skráð og og lokið formlega. Skráð reynsla af verkefni og það nýtt til að gera ferla sem flýta afgreiðslu mála	maí	Forstöðumaður stjórnsýslu
Unnin áætlun að rafrænni stjórnsýslu og nýttir samstarfsfletir við island.is í samstarfi við Skrá, Onesystem,Wise, Focal. Forgangur rafrænar umsóknir og miðlun upplýsinga með rafrænum hætti, mat á innleiðingu íbúagáttar og ábendingakerfis	árið allt	Upplýsingafltr og forstöðum stj.
Útgáfa á helstu hagtölum fyrir Fjarðabyggð	febrúar	Atvinnu- og þróunarstj
Samstarfsverkefni Austurbrú, SSA utfærð og markmið sett í samstarfi	allt árið	Atvinnu- og þróunarstj
Fjölmíðlatengsl og fjölmíðslastefna í framkvæmd	allt árið	Bæjarstjóri
Skiltamál, unnið í samræmi við áætlun skiltahóps.	jan-júlí	Upplýsingafltr
Uppfærðar starfslýsingar. Lokið áfanga II. Markmið er að til verði lýsingar fyrir öll störf og við ráðningu séu þær undirritaðar.	maí	Forstöðumaður stjórnsýslu
Mannauðsstefna, innleiðing	mars	Forstöðumaður stjórnsýslu
Reglur, ferlar og verklag í starfsmannamálum útfært í tengslum við endurskoðun mannauðsstefnu	maí	Sviðsstjóri
Starfsánægjuvírala Fjarðabyggðar – unnið úr umbótaverkefnum sem ákveðin verða	maí, september	forstöðumaður stjórnsýslu ásamt stjórnendum
Uppfærsla viðveru- og tímaskráningakerfis	apríl til maí	Sviðsstjóri
Reiknireglur Bakvarðar – uppfærðar og aðlagðar kerfi	mars til maí	Dstj launadeildar Dstj símenntunar
Viðverukerfi – sampætting við H3 kerfið sem tengjist uppfærslu beggja kerfa í SQL.	apríl	Sviðsstjóri
Heimsóknir í stofnanir sveitarfélagins þar sem farið verður yfir nýjun gar vegna mannauðsmála.	maí	Sviðsstjóri
Fundur með stjórnendum í tengslum við áætlunargerð 2015 og 2016 í samstarfi við fjármálasvið	janúar og ágúst	Sviðsstjóri ásamt öðrum sviðsstjórum.
Innleiðing á nýjum stjórnenda- og starfsmannavef H3 í samræmi við fjárhagsáætlun	maí	Sviðsstjóri
Stjórnendafræðsluátak	allt árið	Sviðsstjóri ásamt bæjarstjóra

Árangursmæling

- Hlutfall innkomenna símtala sem hægt er að afgreiða án þess að símtal sé gefið áfram til annarra starfsmanna.
- Fjöldi ábendinga og afgreiðsla þeirra.
- Fjöldi nýrra verklýsinga.

- Fjöldi mála í málaskrá sveitarfélagsins sem er ólokið í hverjum mánuði.
- Fjöldi rekstrarfrávika í miðjurekstri upplýsingatæknikerfa
- Frávik frá gildandi launáætlun.
- Fjöldi af villum við útborgun og flokkun þeirra efir ástæðum.
- Fjöldi daga sem líður frá fyrsta starfsdegi til stofnunar launamanns í kerfi.
- Fjöldi starfa eftir atvinnugreinum.
- Fjöldi fyrirtækja eftir atvinnugreinum.

10. Fjármálasvið

Sviðsstjóri: Snorri Styrkársson

Umfang rekstrar

Fjármálsvið er stoðsvið eða þjónustusvið við önnur svið og stofnanir Fjarðabyggðar. Á fjármálasvið starfa auk sviðsstjóra, aðalbókari, bókarar, gjaldkeri, innheimtufulltrúi og þjónustufulltrúi í 7 stöðugildum.

Markmið/leiðarljós og hlutverk

Marmið fjármálateymis er að efla upplýsingamiðlun til kjörinna fulltrúa, stjórnenda, starfsmanna, viðskiptavina og íbúa er varðar fjárhags- og rekstrarleg málefni sveitarfélagsins og leita leiða til að auka hagkvæmni í nýtingu fjármuna sveitarfélagsins. Verkefni fjármálasviðs eru m.a. skráningar og umsjón með fjárhagsupplýsingakerfi, upplýsingagjöf um rekstur Fjarðabyggðar, stofnana og deilda, greiðsla reikninga, reikningagerð, innheimta krafna, fjármálaumsýsla, innkaupamál, áætlunargerð og gerð fjárhagsyfirlita og ársreiknings.

Helstu verkefni á árinu 2017

Fjármálasvið	Verklok	Ábyrgð
Að greina rekstur Fjarðabyggðar með samþjöppun rekstrareininga, hagkvæmari rekstur og skilvirkari þjónustu að leiðarljósi	Vetur/vor	Sviðsstjóri og starfsmenn sviðsins
Ársreikningagerð vegna ársins 2016	Apríl	Sviðsstjóri og aðalbókari
Innleiðing á frekari ferli við að fjárhagsáætlanagerð ársins 2018 hefjist í byrjun sumars og nýjum tæknilegum útfærslum við fjárhagsáætlunargerðina	Allt árið	Sviðsstjóri og aðalbókari
Klára innleiðingu á nýju viðmóti við afgreiðslu innkaupakorta	Vor 2017	Sviðsstjóri og aðalbókari
Gerð mánaðaryfirlita og reglubundinna uppgjöra ásamt frávikagreiningu. Yfirlit lögð fyrir bæjarráð og upplýsingum um rekstur og stöðu einstakra stofnana og fyrirtækja miðlað til viðkomandi forstöðumanna og sviðsstjóra	Allt árið	Sviðsstjóri og aðalbókari
Gerð sex mánaða uppgjörs er lýsir rekstri og stöðu efnahags á glöggan hátt	Ágúst	Sviðsstjóri
Gerð úttekta á einstökum stofnunum, deildum og eða rekstrarþáttum Fjarðabyggðar með hagræðingu í rekstri eða bætta þjónustu að leiðarljósi	Allt árið	Sviðsstjóri
Fundir með sviðstjórum og einstökum forstöðumönnum þar sem farið er yfir þjónustu, samskipti og helstu reglur er tengjast uppáskrift, innkaupum, rekstur og bókahaldi	Allt árið	Sviðsstjóri og starfsmenn sviðsins
Fjárhagsáætlun vegna ársins 2018 og þriggja ára áætlun 2019-2021	Maí - Nóvember	Sviðsstjóri og starfsmenn sviðsins

Símenntunarmál: Námskeið sem auka hæfni starfsmanna í helstu verkefnum	Allt árið	Sviðsstjóri
--	-----------	-------------

Árangursmæling

- Fjöldi framlagðar greininga og gagna til sviða og stofnana auk kjörinna fulltrúa
- Breytingar í rekstrarkostnaði sviðsins
- Fjöldi kvartana vegna útgefinna reikninga og innheimtuaðgerða

11. Hafnarsjóður Fjarðabyggðar

Sviðsstjóri: Steinþór Pétursson

Umfang rekstrar

Hafnarstjórn hefur umsjón með rekstri hafnarsjóðs Fjarðabyggðar og allri uppbyggingu á athafnasvæðum hafnanna. Hafnarstarfsemin í Fjarðabyggð er víðfeðm og dreifist á 6 hafnir; Stöðvarfjarðarhöfn, Fáskrúðsfjarðarhöfn, Reyðarfjarðarhöfn, Eskifjarðahöfn, Norðfjarðarhöfn og Mjóafjarðarhöfn. Auk þessara hafna er Mjóeyrarhöfn innan vébanda Reyðarfjarðarhafnar. Um starf og valdsvið fer samkvæmt samþykkt um hafnarstjórn Fjarðabyggðar.

Hafnarsjóður Fjarðabyggðar er annar stærsti hafnarsjóður landsins en um hann fóru á árinu 2015 um 1.619 þ. tonn af vörum, sem skiptist þannig að 1.017 þ. tonn komu til hafnarinnar, en 603 þ. tonn fóru frá höfninni. Þá var landað um 430 þ. tonnum af sjávarafla hjá höfnum Fjarðabyggðar bæði af innlendum og erlendum skipum, en um 26% af íslendum aflaheimildum í tonnum talið er landað í Fjarðabyggð. Skráðar skipakomur árið 2015 voru 1389 og eru þar af skipakomur vörutlutningaskipa 384. Níu farþegaskip kom til Fjarðabyggðar á árinu 2015 með 5.521 farþega auk 2.491 manna áhafnar.

Starfsmenn Fjarðabyggðahafna eru 17 talsins. Í fullu starfi eru 13, en auk þess er starfsmaður í hlutastarfi við Mjóafjarðarhöfn. Á Stöðvarfirði sér starfsmaður þjónustumiðstöðvar um höfnina. Starfsmenn hverrar starfsstöðvar hafa umsjón með daglegum rekstri. Vinnutími er frá kl. 8.00 – 17.00 virka daga en auk þess eru starfsmenn á bakvöktum til að sinna útköllum utan daglegs vinnutíma.

Breytingar urðu í upphafi árs 2016 þegar bæjarstjórn samþykkti að samtvina starfsemi hafnarinnar og þjónustumiðstöðva sveitarfélagsins. Við þá breytingu falla starfsmenn hafnarinnar undir sviðsstjóra Eigna- skipulags- og umhverfissviðs. Gert er ráð fyrir að þessi breyting gangi í gegn síðari hluta árs 2016 og verði því komin að fullu í gegn í upphafi starfársins 2017. Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi áhrif á launaútgjöld hafnarsjóðs en hann muni greiða laun sem samsvarar til þeirra starfsmanna sem sinnt hafa höfnunum hingað til.

Starfsmenn hafnarinnar sjá um að veita hafnsögu- og dráttarbátaþjónustu, en daglega sinna þeir tilfallandi stöfum á sinni starfsstöð. Auk þess kemur inn afleysingarmannskapur til að manna dráttarbátinn þegar á þarf að halda.

Hafnir landsins starfa samkvæmt hafnalögum nr. 61/2003 og reglugerð um hafnamál nr. 326/2004 en enn fremur er sérstök hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðabyggðar númer 978/2009.

Hlutverk og megin viðfangsefni

Hlutverk Fjarðabyggðarhafna er að þjónusta fyrirtæki með hafntengda starfsemi gegn gjaldi og í samræmi við gildandi hafnarlög. Fjarðabyggðarhafnir sjá um að þjónusta öll skip sem koma að höfnum Fjarðabyggðar. Samskipti við þau eða umboðsaðila þeirra, framkvæmd hafnsögu, aðstoð með dráttarbát, vigtun sjávarfangs o.fl. Enn fremur eftirlit með siglingarvernd á hafnarsvæðunum og samskipti við fyrirtæki og stofnanir samanber Fiskistofu og Siglingastofnun.

Með tilkomu Mjóeyrarhafnar og starfsemi Alcoa Fjarðáals hefur vægi vörutlutninga aukist mikið en megináherslan var áður sjávarútvegur. Með uppbyggingu Mjóeyrarhafnar og flutningi skipafélagana Samskips og Eimskipa þangað, er fyrirsjánlegt að starfsemi Fjarðabyggðarhafna verður í auknu mæli

stjórnað þaðan. Þrátt fyrir að fleiri og styrkari stoðir séu undir rekstri hafnarsjóðs verður ekki dregið úr góðri þjónustu við alla viðskiptavini og notendur hafnanna í Fjarðabyggð.

Eftir sameiningu hafnanna hefur verið unnið að því að ná fram sem hagkvæmasti starfsemi með samnýtingu mannskaps á milli starfstöðva til að efla hafnartengda þjónustu og draga úr kostnaði í Fjarðabyggð.

Markmið/leiðarljós

Markmið Fjarðabyggðarhafna er að veita framúrskarandi þjónustu til sinna viðskiptavina. Vera eitt stærsta og öflugasta hafnarsvæði á landinu þar sem landaður sjávarafli verði áfram sá mesti á landsvísu og að miðstöð vöruflutninga um austur- og norðurland verði í gegnum Mjóeyrarhöfn.

Breytingar á forsendum/umhverfi

Í samantekt fjármálasviðs á forsendum fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2017 er horft til spár Hagstofu Íslands um verðlagsþróun. En þar er gert ráð fyrir hækjun rekstarkostnaðar um 3,0% á árinu og launaliðir hækki að meðaltali um 3,5%

EKKI er um að ræða stórvægilegar breytingar á rekstri hafnarsjóðs árið 2017 frá árinu 2016 og í raun er unnið út frá sömu áætlun með einstaka lagfæringum. Helsta breyting frá áætlun fyrra árs er annars vegar vegna launabreytinga og hins vegar vegna endurskoðunar einstakra kostnaðarþáttu.

Reikna má með breytingum vegna nýrra kjarasamninga og breytinga á launaliðum vegna þess.

Má í því sambandi nefna:

- Töluberðar breytingar eru milli ára vegna nýrra kjarasamninga og breytinga á launaliðum vegna þess.
- Hækjun er á liðnum „vinna millifærð“ milli ára sem skýrist af meiri framkvæmdakostnaði árið 2017 en árið á undan.
- Meðal rekstarliða hafa verið tveir liðir vegna styrkja en í áætlun ársins 2017 voru þeir sameinaðir undir einn lið, styrkir og framlög og sjómannadagurinn, þar sem höfnin hefur reglubundið stutt við ákveðin mál eða verkefni og er gerð grein fyrir þeim. Liðurinn er óbreyttur frá síðasta ári en þá hækkaði hann umtalsvert þegar gert var ráð fyrir óvæntum útgjöldum á árinu sem gætu komið til vegna uppbyggingar Sjóminjasafns Austurlands.
- Hækjun er í samfélagslegum verkefnum vegna flugvallarframkvæmda á Norðfirði
- Gert er ráð fyrir hækjun viðhaldskostnaðar á dráttarbátnum en gert er ráð fyrir að báturinn fari í slipp 2017.
- Gjaldskrá er hækkuð sem nemur hækjun byggingavísitölu á 12 mánaða tímabili frá október til október.

Helstu verkefni á árinu 2017

Fjarðabyggðahafnir	Verklok	Ábyrgð
Norðfjörður – Frágangur ofan olíubryggju - malbik	Sumar 2017	Framkv.stj. hafna
Norðfjörður – Netagerðarbryggja. Þekja og kantbiti.	Haust 2017	Framkv.stj. hafna
Norðfjörður – yfirborðsfrágangur. Áfrahald vinnu við frágang umhverfis smábáthafnar	Haust 2017	Framkv.stj. hafna
Eskifjörður – Stækun nótabryggju	Unnið 2017 og 2018	Framkv.stj. hafna
Eskifjörður - Hönnun og undirbúningur nýr hafnarkantur sunnan fiskiðjuvers Eskjuog birgðastöðvar Skeljungs	Unnið 2017, 2018 og 2019	Framkv.stj. hafna
Reyðarfjörður – Mjóeyrarhöfn 2. áfangi: Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja vinnu við uppbyggingu lands við 2. áfanga hafnarinnar með uppdælingu á efni, en slík uppdæling þarf að eiga sér stað í áföngum og tekur því tíma.	Unnið 2017 og 2018	Framkv.stj. hafna
Fáskrúðsfjörður – Gerð nýs hafnarkants framan vð nýja frystigeymslu LVF.	Lok sumar 2017	Framkv.stj. hafna
Bílar – Gert er ráð fyrir að endurnýja einn Skoda á árinu	Lok vor 2017	Framkv.stj. hafna
Grjótvarnir: Unnið skv. áætlun sem hafnarstjórn samþykkti á árinu 2015	Unnið á árinu	Framkv.stj. hafna
Óskiptur liður: Tekið var frá fjármagn til að mæta óvæntu sem upp kann að koma á árinu 2017	Unnið á árinu	Framkv.stj. hafna
Unnið verður að gæða og umhverfismálum	Unnið á árinu	Framkv.stj. hafna
Unnið verður að þróun viðskipta og starfsemi hafnarinnar með starfi atvinnu og þróunarstjóra	Unnið á árinu	Framkv.stj. hafna
Unnið verður áfram að uppbyggingu í tengslum við móttöku skemmtiferðaskipa	Unnið á árinu	Framkv.stj. hafna

Verkefni í vinnslu á árinu, en ekki meðal fjárfestinga

Mikil umræða hefur verið á liðnum árum um aukna hafnsækna starfsemi og mögulega staðsetningu slíkrar starfsemi í Fjarðabyggð. Rekur þessi umræða sig allt aftur til ársins 2009 þegar hún fór af stað fyrir alvöru. Í því sambandi má nefna skoðun á staðsetningu olíubirgðastöðvar í Reyðarfirði og þjónustu við Drekasvæðið í tengslum við opnun stjórnvalda á olíuleit þar.

Á árunum 2013 og 2014 var unnið að skoðun mögulegra staðarvalskosta og að undirbúningi fyrir mögulega breytingu á aðalskipulagi vegna þessa og gerð deiliskipulags af því svæði sem út úr skipulagsverkefninu kæmi. Gert er ráð fyrir að þessi vinna haldi áfram á árinu 2017 og er gert ráð fyrri því meðal rekstarþáttta. Eftir á að koma í ljós hvort vinnan komi til með að kalla á framkvæmdakostnað á árinu, en á þessu stigi er ekki gert ráð fyrir því.

Árangursmæling

- Árangursmæling kemur fram í því að þau verkefni sem lagt er upp með á árinu 2017 klárist innan þeirra tímamarka sem þeim eru sett.

12. Slökkvilið Fjarðabyggðar

Slökkviliðsstjóri: Guðmundur Helgi Sigfússon

Umfang rekstrar

Rekstur slökkviliðs með slökkvistöðvar á Norðfirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði.

Sjúkraflutningar í Fjarðabyggð með starfsstöðvar á Norðfirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.

Slökkvilið Fjarðabyggðar hefur á að skipa 83 starfsmönnum, 14 atvinnumönnum og 69 hlutastarfandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum. Þar að auki ber slökkviliðið ábyrgð á u.p.b. 50 manna hlutastarfandi slökkviliði Fjarðaáls og sér um þjálfun þess.

Hlutverk og megin viðfangsefni

Slökkvi- og sjúkraflutningaþjónusta í Fjarðabyggð. Sjúkraflutningar til og frá stofnunum í Fjarðabyggð. Forvarnarstarf og eldvarnareftirlit í Fjarðabyggð.

Markmið/leiðarljós

Slökkvilið Fjarðabyggðar hefur að leiðarlíði að bæta öryggi og þjónustu við íbúa og vegfarendur, styrkja og efla forvarnir og framkvæma markvisst eldvarnareftirlit. Stuðla að góðri þjálfun og fræðslu til eigin starfsmanna, fyrirtækja og almennings.

Markmið Slökkviliðs Fjarðabyggðar eru:

- Hafa á að skipa góðu og vel menntuðu starfsfólki sem er í góðu líkamlegu formi
- Hafa til umráða nauðsynlegan búnað og tæki til að geta sinnt hlutverki sínu
- Vinna að forvörnum og fræðslu til að lágmarka hættu á óhöppum og slysum
- Stuðla að aukinni samvinnu slökkviliða á Austurlandi og á landsvísu. Efla samvinnu við björgunarsveitir á miðsvæði Austfjarða.
- Vera forystuafli á vettvangi almannavarna í Fjarðabyggð og öllu Mið Austurlandi

Helstu verkefni á árinu 2017

Slökkvilið Fjarðabyggðar	Verklok	Ábyrgð
Lögð verður áhersla á að nýta uppsett afl slökkviliðsins til þeirra verka sem falla að hlutverki þess. Haldir verður áfram að leita eftir verkefnum sem það getur sinnt.		Slökkviliðsstjóri
Í gildi eru samningar við Alcoa Fjarðaál um brunavarnir í Fjarðabyggð, HSA um sjúkraflutninga í Fjarðabyggð, Hafnarsjóð Fjarðabyggðar um vöktun Mjóeyrarhafnar utan dagvinnutíma ásamt samningi um viðbragð við mengunarhöppum og umsjón með mengunarvarnarbúnaði fyrir Fjarðabyggðarhafnir.		Slökkviliðsstjóri

Starfsmenn slökkviliðsins hafa séð um kennslu vegna vinnu í lokuðum rýmum fyrir Alcoa Fjarðaál og munu gera áfram. Að auki hefur slökkviliðið útbúið námsefni sem sniðið er að starfsmönnum sem vinna við löndun úr fiskiskipum. Nokkur sjávarútvegsfyrirtæki á Austurlandi hafa fengið til sín slíka kennslu og verður haldið áfram á þeirri braut. Þá er í skoðun að bjóða upp á frekari námskeið fyrir sjávarútvegsfyrirtæki. Lögð verður áhersla á að bjóða fyrirtækjum í Fjarðabyggð upp á öryggisþjálfun þar sem farið yfir notkun slökkvitækja, undirstöðuatriði í fyrstu hjálp og fleira í þeim dúr.		Slökkviliðsstjóri
Haldið verður áfram að endurnýja ýmsan búnað s.s. reykköfunartæki, slöngur, eldgalla og annan lausan búnað. Sameiginlegur miðlægur gagnagrunnur á landsvísu fyrir eldvarnaeftirlit er fullgerður og hefur slökkviliðið tekið hann í notkun. Jafnframt tengist grunnum eftirlit með vatnsúða- og brunaviðvörunarkerfum. Spjaldtölvur eru notaðar í eftirliti og er öll virkni kerfisins mun einfaldari en hefur verið. Þá er gert ráð fyrir að taka í notkun skráningarkerfi sem auðveldar utanumhald um tæki og búnað sem reglulega þarf að fylgjast með viðhaldi, ástandi og skoðunum á.		Slökkviliðsstjóri
Áfram er gert ráð fyrir hagræðingu í launakostnaði með góðri nýtingu á símenntunartíma starfsmanna. Fyrir liggur símenntunaráætlun sem m.a. dregur úr kaupum á yfirvinnu við skyldubundnar æfingar og þjálfun starfsmanna.		Slökkviliðsstjóri
Læknisskoðanir og þrekpróf eru framkvæmd í samræmi við lög, leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar og heilsufarsstefnu LSS. Á við um bæði atvinnumenn og hlutastarfandi. Árangur starfsmanna í þessum prófum hefur verið góður.		Slökkviliðsstjóri
Til skoðunar er að fjölgá í atvinnuliðinu þannig að lágmark þrír menn séu á hverri vakt. Mjög erfitt er að fá menn með tilskilin réttindi til afleysinga. Uppi eru hugmyndir á landsvísu um miðstöðvar sjúkraflutninga og mun stöðin á Hrauni henta mjög vel slíku hlutverki fyrir miðhluta Austurlands. Gefa þarf gaum að sóknarfærum fyrir slökkviliðið til að styrkja það og efla.		Slökkviliðsstjóri